

**Setningarávarp Halldórs Ásgrímssonar formanns Framsóknarflokksins á flokksþingi Framsóknarflokksins 18. ágúst 2006**

Ágætu framsóknarmenn, kæru vinir.

Ég býð ykkur öll innilega velkomin til þessa flokksþings Framsóknarflokksins sem er haldið við óvenjulegar aðstæður og á heldur óvenjulegum tíma að árinu.

Eins og ykkur er fullkunnugt um, er ástæða flokksþingsins sú ákvörðun mín að draga mig til baka í íslenskum stjórnámálum. Það liggur því fyrir þessu flokksþingi það verkefni að velja forystu. Þar á meðal nýjan formann í fyrsta sinn í tólf ár og í annað sinn í meira en aldarfjórðung. Í því felast því heilmikil tímamót fyrir okkur öll, ekki síst mig sem tilheyrta hef forystusveitinni í 26 ár. Ekki er vafi á að breytingar eru ávallt hollar og þarfar annað slagið og ég er sannfærður um að það verði meiri tímamót fyrir mig persónulega en flokkinn minn þegar ég í fyrramálið tek í höndina á nýjum formanni Framsóknarflokksins, geng í burtu frá þessu sviði og kveð pólitíkina fyrir fullt og allt.

Ég veit að síðustu vikur hafa verið mörgum okkar erfiðar, en það er líka ljóst að við tímamót sem þessi gefast manni tækifæri til að rifja upp gömul kynni, ræða um flokksmál við félagas sína og taka stöðuna, eins og það er kallað. Eftir að ég tók þá ákvörðun að segja af mér sem forsætisráðherra og hætta sem formaður hef ég efnt til tuttugu funda um allt land og rætt við flesta af helstu trúnaðarmönnum flokksins og hefur það verið mjög ánægjulegt. Á þessum fundum og í þessum samtölum hef ég fundið fyrir hlýhug og vináttu sem ég er þakklátur fyrir.

Í löngu starfi í flokknum hef ég eignast mikinn fjölda góðra vina og eins og allir vita er fátt dýrmætara en góð vinátta og góðir félagar í lífi og starfi. Ég þakka

góðar móttökur og ánægjulegar umræður um hlutverk og framtíð Framsóknarflokksins. Ég met þær mikils og þær hafa fært mér heim sanninn um styrk flokksins míns og þá römmu taug sem býr að baki honum meðal fólksins í landinu til sjávar og sveita.

Kæru vinir,

Þegar ég lít til baka telst mér til að fyrsta kosningabaráttan sem ég tók þátt í hafi verið 1956 við að bera bæklinga í hús á Hornafirði. Ég lenti í útistöðum við félagamína sem voru að bera út fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Þeirra bæklingar voru stærri og glæsilegri en ég taldi að innihald okkar væri betra. Á kjördag var ég starfandi sendill fyrir Pál Þorsteinsson alþingismann sem síðar hvatti mig til pólitískrar þátttöku með því að gefa kost á mér í framboð 1974. Ég var tregur til, en þá sagði þessi varkári og hógværi maður: "Það þýðir ekkert annað en að skella sér í þetta". Það gerði ég og sé ekki eftir því. Mér finnst það samt enn þann dag í dag skrítið að ég fékk ekki að tala á kjördæmisþingi fyrr en eftir að ákvörðun hafði verið tekin um framboðslistann. Hinir eldri og reyndari töldu það af einhverjum ástæðum hinn mesta óþarfa!

Framsóknarflokkurinn verður 90 ára á þessu ári. Í tæpan helming þess tíma hef ég verið í floknum, eða í 41 ár og lengst af þeim tíma verið í því sem oft er nefnt eldlína stjórnmalanna. Ég hef átt þess kost að upplifa mesta breytingaskeið íslensks þjóðfélags, hafa þar meiri og beinni áhrif en flestir aðrir og berjast fyrir margvíslegum breytingum. Ég fullyrði að enginn annar flokkur hefur haft jafnmikil áhrif á þjóðfélagið á þessum tíma og Framsóknarflokkurinn.

Í ljósi sögunnar er ekki úr vegi að velta því aðeins upp hvernig til hefur tekist. Í fyrsta lagi hefur Framsóknarflokkurinn borið gæfu til að breytast og þróast með þjóð sinni. Flokkurinn okkar í dag er auðvitað fjarri því að vera sá sami og þegar

hann var stofnaður í desember árið 1916. Hann er heldur ekki sami flokkurinn og hann var fyrir tíu, tuttugu eða þrjátíu árum. Því að viðfangsefnin taka sífelldum breytingum eins og samfélagið allt. Ég hef oft vitnað í gamalt kínverskt máltæki sem er á þá leið "að það eina sem breytist ekki er að allt breytist." Það er svo sannarlega staðreynd í íslensku samfélagi og með það í huga hef ég leitt Framsóknarflokkinn. Okkar leiðarstjarna er þó sú sama og áður. Það er að setja manneskjuna og velferð hennar í öndvegi eða að hafa fólk í fyrirrúmi eins og við orðuðum það í kosningunum 1995.

Okkar áherslur byggja jafnframt á hugmyndafræðinni um að það eru órjúfanleg tengsl á milli þess að atvinnulífið sé kraftmikið og þess að hægt sé að reka öflugan velferðarþjónustu. Til að við getum veitt góða þjónustu verðum við að skapa tekjur rétt eins og á venjulegu heimili. Við trúum því líka að í góðu samfélagi verði að ríkja jafnrétti á milli fólks á öllum sviðum án tillits til efnahags, kyns, þjóðernis eða annarra þátta. Hver einstaklingur er einstakur og fjölbreytt samfélag er gott samfélag þar sem allir hafa jöfn tækifæri til að sjá sér og sínum farborða. Í því felst til dæmis að við höfum alltaf lagt mikla áherslu á að allir hafi atvinnu. Við vitum ekkert verra en atvinnuleysi og það var okkar fyrsta verk þegar við komum í ríkisstjórn 1995 að ráðast gegn því og það hefur okkur svo sannarlega tekist.

En höfum við staðið okkur vel á öllum sviðum? Höfum við uppfyllt okkar fyrirheit? Höfum við unnið í samræmi við þá gullnu reglu manngildi ofar auðgildi? Það er fróðlegt að velta því fyrir sér. Er þróun útgjalda til marks um það að við höfum sveigst til hægri, eða sýnir hún þróun aukinnar áherslu á velferð og manneskjuna.

Þegar litið er til þróunar ríkisútgjalda á síðustu árum má sjá svo ekki verður um villst að samstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur skilað sér í

stórauknum framlögum til mikilvægra velferðarmála. Velferðarstjórn væri því réttnefni á stjórnarsamstarfi flokkanna tveggja.

Ég get tekið sem dæmi, að heildarútgjöld ríkisins eru áætluð 315 milljarðar króna í fjárlögum 2006 og hafa aukist að raungildi um 53 milljarða króna frá árinu 1998 eða um 20%. Útgjöldin samkvæmt fjárlögum 2006 nema um 30% af áætlaðri vergri landsframleiðslu. Árið 1998 nam þetta hlutfall 32,5%.

Framlög ríkisins til heilbrigðismála verða ríflega 80 milljarðar á árinu 2006 og hafa aukist að raungildi um 27,5 milljarða frá árinu 1998 eða um 49%. Framlög ríkisins samkvæmt fjárlögum 2006 nema um 8% af áætlaðri vergri landsframleiðslu. Árið 1998 nam þetta hlutfall 6,9%.

Framlög ríkisins til almannatrygginga og velferðarmála eru áætluð 73,4 milljarðar króna í fjárlögum 2006 og hafa aukist að raungildi um 23 milljarða króna frá árinu 1998 eða um 45%. Framlög ríkisins til almannatrygginga og velferðarmála samkvæmt fjárlögum 2006 nema um 7% af áætlaðri vergri landsframleiðslu. Árið 1998 nam þetta hlutfall 6,3%.

Framlög ríkisins til fræðslumála eru áætluð 33,1 milljarður í fjárlögum 2006 og hafa aukist að raungildi um 12,3 milljarða frá árinu 1998 eða um 59%. Framlög ríkisins til fræðslumála samkvæmt fjárlögum 2006 nema um 3,2% af áætlaðri vergri landsframleiðslu. Árið 1998 nam þetta hlutfall 2,6%.

Framlög ríkisins til háskólastigsins eru áætluð um 16,7 milljarðar í fjárlögum 2006 og hafa aukist að raungildi um 7,4 milljarða króna frá árinu 1998 eða um 80% að raungildi.

Þessar staðreyndir sýna auðvitað að við höfum staðið okkur í stykkinu og margfaldað framlög til velferðarmála. Til menntunar, heilbrigðisþjónustu, aldraðra og öryrkja. Þýðir það þá að við séum komin á leiðarenda og verkefnið búið? Nei, auðvitað ekki. Því lýkur aldrei.

Málin sem við höfum tekist á við eru svo mörg að það er engin leið að gera þeim skil. Sum mál tengjast sterkt minni persónu og önnur eru sjaldan nefnd.

Mig langar að nefna eitt fyrsta málið sem mér var falið að finna lausn á ásamt öðrum þingmanni en það var frumvarp til laga um fóstureyðingar. Mjög viðkvæmt mál og mikið deiluefni víða um heim. Þær tillögur sem við skiluðum voru lögfestar og standa enn í dag. Eitt af mínum síðustu verkum var að beita mér fyrir ítarlegri löggjöf um málefni samkynhneigðra. Þetta mál fékk farsæla lendingu sem ég gleðst yfir.

Það er nefnilega þannig að pólitíkin snýst um meira en kvótann, sölu banka og stóriðju. Hún snýst ekki síst um viðkvæma þætti í brothættum strengjum mannlegs lífs.

Ég er stundum spurður um það þegar ég ræði framfarirnar, hvað hafi mistekist. Að sjálfsögðu bíða mörg viðfangsefni og hin pólitíska dagskrá tekur engan enda. Eitt mál vil ég að leiðarlokum gera að umtalsefni. Það eru fíkniefnamálin. Við gerðum þau að geysistöru áherslumáli í kosningunum 1999 og í kjölfarið var mikið átak gert í baráttunni við þennan mesta vággest samtímans. Við höfum unnið einhverjar orrustur í þessari baráttu en tapað miklu fleiri. Í fréttum af útihátíðum um verslunarmannahelgina var talað um að þær hefðu farið vel fram. Í framhaldinu kom fram að nálægt 70 fíkniefnatilfelli komu upp á Akureyri. Það er ljóst að sölumenn dauðans eru í fullu fjöri. Þeirra vinna er að leggja líf ungmenna í rúst.

Eitt af því sem hefur verið að gerast og ég hef stórar áhyggjur af, er þróun hér á landi í þá átt að hér séu að skjóta rötum alþjóðleg samtök um skipulagða glæpastarfsemi. Við höfum því miður vísbendingar um að þeirra starfsemi sé að eflast hér á landi. Það eru mjög váleg tíðindi, enda er tilgangur slíkra samtaka vitaskuld sá að veða að æsku landsins og byrja henni eitru og græða á ógæfu annarra. Ég hlýt að viðurkenna að okkur sem förum með stjórn þessa lands hefur ekki tekist nægilega vel upp í þessari baráttu og við verðum að herða tókin með því að efla löggæsluna og gefa henni auknar heimildir í þeirri baráttu.

Velsældin á sér sínar skuggahliðar og orð Einars Benediktssonar í ljóðinu Thamesá eiga þar vel við.

*Hér berst og iðar heimsins hjarta,  
hér hrærist dælan gulls og blóðs,  
er innst við rætur ormar narta.*

Sérhvern dag finna þessir ormar dauðans ný fórnarlömb. Við höfum ekki gert nóg í baráttunni gegn þeim.

Góðir þingfulltrúar,

Eitt mikilvægasta tæki til jöfnunar í þjóðfélaginu eru skattar. En það þarf líka að hafa í huga að beita þeim hóflega til að laða að starfsemi og örva vinnufúsar hendur.

Breytingar á skattkerfinu hafa á margan hátt tekist vel. Lækkun skatta er umtalsverð en það hefur verið hægt vegna mikillar tekjuaukningar í þjóðfélaginu. Breytingarnar hafa miðað að því að gera Ísland samkeppnishæfara í sívaxandi alþjóðlegri samkeppni.

Það er eftirtektarvert að þrátt fyrir mikla lækkun á tekjuskatti fyrirtækja skila þau miklu meira til samfélagslegra þarfa en áður var. Þær breytingar á tekjuskattskerfinu, sem voru ákveðnar í samráði við verkalýðshreyfinguna í vor, eru skynsamlegar og í takt við þá stefnu sem við höfum markað í skattamálum. Skattkerfið er einfalt og skilvirkt og margir horfa öfundaraugum til þess í öðrum löndum. Það er því ekki skynsamlegt að hrófla mikið við því.

Þegar við komum í ríkisstjórn 1995 var engin fjármagnstekjuskattur. Hann var lagður á í góðu samkomulagi og það var almenn skoðun að hann ætti að vera einfaldur og hóflegur, m.a. til að tryggja samkeppnishæfni Íslands í frjálsum fjármagnsflutningum landa á milli. Við núverandi aðstæður er varðveisla stöðugleikans mikilvægust í efnahagsmálum og jafnframt lækkun vaxta, aukinn sparnaður og að halda sem mestu fjármagni í landinu. Þeir sem tala fyrir hækkun skattsins mættu hafa þetta í huga því augljóst er að hækkun hans hefði þveröfug áhrif. Hér eins og oftast verður samhengi hlutanna að ráða ferð en ekki eitt afmarkað atriði ef vel á að takast til.

Í skattalögum er hinsvegar gert ráð fyrir að þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur beri að reikna sér laun við þá vinnu sína hver sem hún er. Frægt var fyrir nokkrum árum að skattayfirvöld töldu að berjatínsla væri þar á meðal. Nú hefur komið í ljós að þeir sem starfa við fjármálastarfsemi á eigin vegum þurfa engin laun að reikna sér þótt ákvæði skattalaga séu skýr. Verður ekki annað séð en að skattyfirvöld hafi vanrækt að gefa út viðmiðunarreglur um það þótt þau hafi verið afar nákvæm á öðrum sviðum. Því verður vart trúað að þeir sem hafa eingöngu tekjur af fjármagnstekjum vinni ekkert að öflun teknanna og séu iðjulaust fólk.

Á sama hátt og það er mjög varhugavert að hækka fjármagnstekjuskattinn er sjálfsagt að fylgja anda skattalaga á þessu sviði sem öðrum. Þetta er því ef til vill

ekki spurning um að breyta lögum, heldur miklu fremur að fylgja þeim eftir í samræmi við vilja löggjafans.

Góðir félagar,

Mikið starf er framundan í öryggis- og varnarmálum sem hafa verið farsæl fram til þessa. Miklar og eðlilegar breytingar hafa orðið á varnarviðbúnaði á undanförunum árum og eðlilegt að þróa það áfram.

Við höfum verið að búa okkur undir frekari breytingar með aðild að Schengen samstarfinu og eflingu lögreglunnar í landinu. Hvort tveggja hefur verið umdeilt. Í stað þess að halda áfram viðræðum um framhald viðbúnaðar hér á landi hafa Bandaríkin ákveðið einhliða að fara með allt sitt lið og búnað.

Það er staðreynd sem við verðum að laga okkur að. Ég hafði alltaf reiknað með verulegum breytingum en ekki einhliða ákvörðunum sem skapaði trúnaðarbrest. Nú vitum við að ekki er hægt að treysta Bandaríkjunum í einu og öllu og oftrú á samstarf við þá voru mistök.

Nú verðum við að endurskipuleggja okkar varnarmál í samstarfi við Atlantshafsbandalagið og aðildarþjóðir þess. Í framtíðinni verða okkar öryggismál í meira mæli samtvinnuð Evrópu en Bandaríkjunum. Atlantshafstengslin eru að veikjast og NATO er að þróast í tvær stoðir Evrópu og Ameríku.

Við þær aðstæður verðum við að styrkja böndin við vini okkar í Evrópu, einkum Norðurlöndin. Þannig verður fullveldi okkar best tryggt. Í þessu samhengi verður ekkert umflúið að ræða form slíks samstarfs. Er það best komið eins og það er, eða með aðild að Evrópusambandinu? Því er haldið fram að ég hafi farið offari í þeirri umræðu. Hún hafi ekki verið tímabær. En ég spyr, hvenær er tímabært að ræða



framtíðina og hvenær er það ekki tímabært? Í mínum huga er ávallt tímabært að ræða framtíðina, hvort sem það er óþægilegt eða ekki. Stjórnmalaflokkur sem ekki getur það er harla lítils virði.

Fólk segir oft við mig að það vilji ekki útiloka aðild að Evrópusambandinu, en að það sé langt í það og megi bíða betri tíma að ræða það. Það er rétt að það liggur ekkert á og margt getur haft hér áhrif. Afstaða hinna EFTA-þjóðanna skiptir miklu, framtíð evrunnar og geta okkar til að viðhalda stöðugleika á grundvelli eigin gjaldmiðils. Ég vara samt við tómlæti og kæruleysi í þessu máli. Stórar ákvarðanir sem varða framtíð þjóðarinnar á að taka á eigin forsendum og á þeim tíma sem okkur hentar best en ekki þegar við getum ekkert annað.

Reynslan af varnarsamstarfinu við Bandaríkin ætti að vera okkur nægileg lexía í þeim efnum. Sjálfstæðiflokkurinn hefur farið fremst þeirra sem hafa haft oftrú á samstarfinu við Bandaríkin og skynsamir menn á þeim bæ hljóta að sjá að nú þarf að skoða margt í nýju ljósi.

Góðir félagar,

Stjórnmalastarf snýst ekki aðeins um að fylgja ákveðinni stefnu og markmiðum fram heldur jafnframt að skapa sem mesta sátt milli ólíkra sjónarmiða. Sjávarútvegsstefnan er gott dæmi um þetta. Þar var tekist fast á um ólík sjónarmið. Var hægt að koma í veg fyrir það? Ég tel að það hafi ekki verið hægt. En hvernig er staðan í dag? Eru uppi einhverjar raunhæfar hugmyndir um verulegar breytingar? Meiri sátt er um þennan málaflokk en oftast fyrr en þar sem miklir hagsmunir eru í húfi er aldrei hægt að gera svo öllum líki. Þar verða heildarhagsmunir þjóðfélagsins að ráða ferð.

Það sama má segja um andstæð sjónarmið um virkjanir og náttúruvernd. Kárahnjúkavirkjun er liður í að skapa sterkari grundvöll fyrir efnahagslífinu og fjölbreyttara atvinnulíf. Hún er liður í að styrkja byggð í landinu. Gífurlegar breytingar hafa verið gerðar á mannvirkinu frá fyrstu hugmyndum fyrir áratug síðan. Allt það starf hefur verið sáttastarf. Við sem viljum nýta auðlindir lands og sjávar með varkárum og skynsamlegum hætti, erum ekki síðri unnendur íslenskrar náttúru en þeir sem ástunda stöðugan andróður og mótmæli. Við framsóknarmenn höfum leitt þessa sáttagjörð og ég er viss um að þegar upp verður staðið verður mikill meirihluti ánægður með þessa framkvæmd.

Ríkisstjórnin hefur leitast við að skapa sátt á sem flestum sviðum. Í starfi mínu sem forsætisráðherra lagði ég mikla áherslu á frið á vinnumarkaði og það hefur tekist vel.

Starfshópur undir forystu ríkissáttasemjara hefur líka skilað niðurstöðu um málefni aldraðra og öryrkja sem komið hefur verið í framkvæmd. Skýrsla er komin út um ástæðu fyrir háu matvælaaverði hér á landi. Þar kemur fram glögg mynd af því að verð á matvælum hér er mun hærra hér en í þeim löndum sem við berum okkur saman við og er óásættanlegt. Það kemur jafnframt fram að lækkun hlutfalls virðisaukaskatts á matvæli er ekki jöfnunaraðgerð eins og ég hef alltaf haldið fram. Ég tel að eftir lestur skýrslunnar sé augljóst að það þurfi að fella niður vörugjöld. Skattur á matvæli þarf að vera sá sami, þar á meðal á hótélum og veitingahúsum. Breyta þarf innflutningsverndinni þannig að samkeppni aukist. Hvað réttlætir t.d. að við borgum miklu hærra verð fyrir kjúklinga og svínakjöt en aðrir neytendur í Evrópu. Það er enginn eðlismunur á þessari framleiðslu og margvíslegri annarri framleiðslustarfsemi í landinu sem býr við óhefta samkeppni við önnur lönd.

Kæru vinir,

Framsóknarflokkurinn stendur á gömlum merg og er elsti starfandi stjórnmálaflokkur þjóðarinnar. Ég þreytist ekki að benda á, að hann kemur alltaf fram undir sömu merkjum og þegar til hans var stofnað. Æ síðan hafa framsóknarmenn haft mikil og góð áhrif á mótun og vöxt íslensks samfélags og raunar er það svo að við framsóknarmenn höfum átt aðild að ríkisstjórnnum í um 60 ár í tæplega 90 ára sögu flokksins. Það er sama hvert við lítum við sjáum allsstaðar okkar verk, verk sem við getum verið mjög stolt af. Meðal annars þess vegna er Ísland í fremstu röð meðal þjóða heims og við þurfum að tryggja að svo verði áfram.

Staða flokksins er jafnframt sterk í stjórn margra stærstu sveitarfélaga landsins, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Þar höfum við nú gullið tækifæri til að byggja flokkinn upp sem öflugt og nútímalegt stjórnmálaafli, þar sem áhersla er lögð á jafnrétti, frjálslyndi og hófsöm gildi þar sem manneskjan og velferð hennar er í öndvegi.

Þessi staðreynd hefur ekki hvað síst orðið til þess að við verðum reglulega skotspónn andstæðinga okkar. Sterk söguleg staða okkar sem stjórnmálaafli er þeim þyrnir í augum. Við getum litið stolt um öxl á þann góða árangur sem náðst hefur. Við eigum ekki að taka mark á gömlum og nýjum úrtöluröddum sem efast um hlutverk Framsóknarflokksins á nýrri öld. Hlutverk flokksins hefur í gegnum tíðina verið stórt og við eigum svo sannarlega enn brýnt erindi við íslenska þjóð.

Ég trúir því að Framsóknarflokkurinn eigi mikið starf óunnið og ég trúir því að þau grundvallargildi sem flokkurinn okkar sækir afl sitt til séu jafnnauðsynlegir vegvísar fyrir íslensku þjóðina á 21. öldinni og á þeirri öld sem nýlega er liðin.

Ég hef ekki talið það hlutverk okkar að slá skjaldborg um fortíðina. Stjórn mála flokkur verður að vera í sífelldri þróun og leita nýrra leiða til að bæta íslenskt samfélag. Hann er flokkur fólks sem veit að því verkefni lýkur aldrei. Hann er afl sem skilur að stjórn mála flokkur sem ætlar sér að eiga erindi við þjóð sína verður alltaf að fylgja þróun samfélagsins og setja fram stefnu sem skiptir máli og á við á hverjum tíma.

Ég tel að Framsóknarflokkurinn hafi einmitt gert þetta. Hann vill alltaf sækja fram eins og nafn hans ber með sér. Við höfum ekkert að gera við stjórn mála flokka sem aldrei hafa neitt nýtt að segja, eða hafa það eitt að markmiði að vernda fortíðina. Slíkir flokkar dragast aftur úr eigin þjóð, þó þeir geti á stundum gert út á tímabundna óánægju. Þá þrýtur alltaf örendi að lokum og verða fylgislaus náttroll í samfélaginu. Á annan tug stjórn mála flokka, þótt aðeins séu taldir þeir sem hafa fengið kjörna þingmenn, hafa runnið sitt skeið á enda frá því Framsóknarflokkurinn var stofnaður, en hann hefur borið gæfu til að vera stöðugt að sækja fram. Þess vegna hefur okkur hlotnast mikið traust og fyrir það eigum við öll að vera þakklát.

Ég veit að sumum ykkar hefur á stundum þótt ég fara full hratt yfir sviðið og full hratt fyrir flokkinn. Ég veit að í einstökum málum hef ég gert mín mistök. En ég hef talið nauðsynlegt að standa fyrir stöðugri hugmyndafræðilegri endurnýjun til þess að skapa flokknum okkar nýtt hlutverk á nýrri öld.

Í raun og veru má segja að það séu fá verkefni jafnmikilvæg fyrir stjórn mála mann. Við skulum minnst þess að á tímum alþjóðavæðingar og sífellt frjálssari leikreglna í alþjóðaviðskiptum þurfum við ekki einungis að vinna gegn innlendra byggðaröskun. Hið alþjóðlega umhverfi hefur í för með sér samkeppni þjóða í milli um að búa til atvinnu- og efnahagsumhverfi og menningarlíf, þar sem ungt,

velmenntað og framsækið fólk vill velja sér að búa og starfa. Samkeppnishæfnin mælir stöðu okkar í þessari samkeppni við aðrar þjóðir.

Okkar hlutverk felst þess vegna ekki síst í því að búa til hagstæð skilyrði fyrir unga fólkið, veita því ný og spennandi tækifæri sem því buðust ekki áður og fjölga valmöguleikunum. Hugsið ykkur allt valið! Þegar ég var ungur maður voru valkostirnir svo fáir. Nú er frelsið svo mikið, tækifærin svo mörg. Heimurinn hefur í raun smækkað og erindi okkar aukist um allan helming.

Kæru vinir,

Einar Benediktsson skáld hefur ávallt vakið hjá mér mikla aðdáun. Hann hafði til að bera mikla framsýni og margt af því sem hann orti, getur vel átt við í dag á tímum frelsis og alþjóðavæðingar.

*Vor landi vill mannast á heimsins hátt,  
en hólminn á starf hans, líf hans og mátt  
og í vöggunnar landi skal varðinn standa.*

Já, við höfum svo sannarlega mannast á heimsins hátt og framfarirnar eru meiri en nokkur gat séð fyrir ekki síst á síðasta áratug.

Framsóknarflokkurinn er ein stærsta fjöldahreyfing í landinu. Ég hef alltaf tekið það hlutverk mjög alvarlega að vera formaður hans. Ég hef lagt mig allan fram og unnið af þeirri einlægni og sannfæringu sem ég hef átt þennan aldarfjórðung í forystu flokksins. Traust ykkar skiptir mig öllu máli og fyrir þetta traust ykkar í gegnum árin hef ég verið mjög þakklátur.

Mér hefur verið treyst fyrir miklu og ég hlýt hér að þakka skilning ykkar í minn garð öll þessi ár. Framsóknarflokkurinn hefur gefið mér miklu meira en ég honum. Enginn einn maður er stærri en flokkurinn. Ég þakka Sigurjónu, konunni minni, og allri fjölskyldunni fyrir stuðning sem aldrei hefur brugðis. Ég þakka samstarfsflokknum í ríkisstjórn fyrir langt og farsælt samstarf. Ég þakka öllum alþingismönnum, embættismönnum og öðrum sem ég hef unnið mikið með fyrir langt og farsælt samstarf. Ég þakka þjóðinni fyrir umburðarlyndi og traust sem hefur gert mér mögulegt að sinna störfum mínum allan þennan tíma..

En nú er mál að linni. Nú taka aðrir við. Nú stíg ég niður af sviðinu.

Þakka ykkur fyrir.